



UMHVERFISSTOFNUN



# Velkomin í Þjóðgarðurinn Snæfellsjökul

Sumardagskrá

20. maí - 10. september





# *Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull*

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður þann 28. júní 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merkilegar sögulegar minjar. Jafnframt er markmiðið að auðvelda fólki að ferðast um svæðið og kynnast því. Stærð þjóðgarðsins er 170 km<sup>2</sup> og liggja mörk hans að sunnan um austurjaðar Háahrauns í landi Dagverðarár en að norðan á austurmörkum Gufuskálalands. Jökulhetta þjóðgarðsins er innan þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn hefur þá sérstöðu á meðal íslenskra þjóðgarða að vera sá eini sem nær í sjó fram.

Þjóðgarðurinn er opin allt árið. Skrifstofa þjóðgarðsins er á Klettsbúð 7 360 Hellissandi.

Gestastofa þjóðgarðsins er á Hellnum Hún er opin frá 20. maí -10 september frá kl. 10-17. Þar er upplýsingamiðstöð þjóðgarðsins og áhugaverð náttúru- og verminjasýning. Aðgangur er ókeypis.

## SÍMANÚMER ÞJÓÐGARÐSINS



NEYÐARNÚMER

112

GESTASTOFA HELLNUM

436 – 6888

SKRIFSTOFA HELLISSANDI

436 – 6860

VATNSHELLIR, PANTANIR 4. júní – 22. ágúst

665 – 2818

VATNSHELLIR, PANTANIR utan sumartíma

436 – 6860

NETFANG

snæfellsjokull@umhverfisstofnun.is

FÉSBÓKARSÍÐA

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

23. júní – 18. ágúst

# Vikuleg dagskrá þjóðgarðsins

Landverðir í þjóðgarðinum bjóða upp á vikulegar göngur og barnastundir. Þær eru öllum opnar og gestum að kostnaðarlausu. Göngur eru jafnan auðveldar.

ÞRIÐJUDAGAR KL. 14.00

## Svalpúfa –Lóndrangar

Lífið í bjarginu

Lagt af stað frá bílastæðinu við Svalpúfu. Rölt er fram á Þúfubjarg þar sem Kolbeinn og Kölski kváðust á forðum. Í bjarginu er mikið fuglalíf og stundum lætur tófan sjá sig á þessum slóðum. Gengið að Lóndröngum en þar eru minjar um vermennsku fyrri tíma.

**LENGD FERÐAR:** 1 klst.

FIMMTUDAGAR KL. 14.00

## Djúpalónsandur - Dritvík

Sjórinn gaf sjórinn tók. Gestir hitta landverði við bílastæði á Djúpalónssandi. Gengið er meðfram ströndinni að Dritvík og náttúra og minjar um búsetu skoðaðar. Á leiðinni má m.a. sjá leifar af skipsflaki, fiskireiti og völundarhús ásamt steintökunum á Djúpalónssandi þar sem vermenn reyndu afl sitt.

**LENGD FERÐAR** 2 klst

LAUGARDAGA KL: 11.00

## Barnastund á Hellissandi

Landverðir taka á móti börnum allar laugardag á tjaldsvæðinu á Hellissandi og rannsaka með þeim náttúruna, segja sögur, fara í leiki og margt fleira skemmtilegt. Barnastundir eru miðaðar við börn á aldrinum 6-12 ára. Foreldrum er velkomið að taka þátt með börnum sínum.

**LENGD DAGSKRÁR** 1 klst

SUNNUDAGAR KL.14.00

## Undrasmíð náttúrunnar

Arnarstapi – Hellnar

Gestir hitta landverði við útsýnispall yfir höfnina á Arnarstapa. Gengið er meðfram ströndinni og klettarnir og fuglalífið skoðað. Gangan endar á Hellnum þar sem hægt er að fá sér kaffisopa, skoða gestastofu þjóðgarðsins og rölta svo til baka.

**LENGD FERÐAR** 1-2 klst

# Vatnshellir

## DAGLEGAR FERÐIR: 4. JÚNÍ – 22. ÁGÚST


	10:00	11:30	14:00	15:30
Mán	✓	✓	✓	✓
Þri	✓	✓	✓	✓
Mið	✓	✓	✓	✓
Fim	✓	✓	✓	✓
Fös	✓	✓	✓	✓
Lau	✓	✓	✓	✓
Sun	✓	✓	✓	✓

**VERÐ** 2000 kr. frítt fyrir 18 ára og yngri. 50% afsláttur fyrir aldraða, öryrkja og námsmenn.

**ÚTBÚNAÐUR** Gestir fá hjálma og ljós áður en farið er niður. Gólf hellisins er ójafnt og góðir skór því nauðsynlegir. Í hellinum er svalt loft og því gott að vera hlýlega klæddur og með vettlinga.

Vatnshellir er í suðurhlíðum Purkhólakrauns en hraunið er eitt hellaauðugsta svæði landsins. Vatnshellir dregur nafn sitt af því að þar var ávallt hægt að fá vatn. Bændur á Malarrífi ráku kýrnar að hellinum til að brynna þeim og því og yfirleitt var nægt leysingarvatn að fá vel fram á sumar. Vatnshellir er yfir 200 metra langur og skiptist í nokkra hluta. Árið 2010 var hellirinn gerður aðgengilegur með hringstigum og öðrum framkvæmdum og var vinna við hellinn nær eingöngu sjálfboðaliðsstarf. Hellirinn er notaður sem sýningar- og kennsluhellir þar sem gestir geta fræðst um hella og hellavernd. Vatnshellir er lokaður fyrir almennri umferð til að vernda hann gegn frekari skemmdum og eingöngu hægt að skoða hann með leiðsögn.

*Þversnið af Vatnshelli.  
Teikning: Hjörleifur Stefánsson*



# Ævintýraferð með Sögu og Jökli!

Saga er níu ára stelpa á ferð með foreldrum sínum á Vesturlandi. Hún hittir álfastrákinn Jökul og saman lenda þau í alls kyns ævintýrum.

Á kortinu hér að neðan finnur þú tíu staði, þar sem Saga og Jökull lenda í óvæntum ævintýrum. Á öllum þessum stöðum er tekið sérstaklega vel á móti krökkum. Á hverjum stað færðu eina sögu af ævintýrum Sögu og Jökuls í möppuna þína og stimpil sem sannar að þú varst þarna líka. Þegar þú færð fimmta stimpilinn færðu gjöf – og svo aðra þegar stimplarnir eru orðnir tíu.

Á gestastofu þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Hellnum færðu söguna sem gerist í þjóðgarðinum og stimpilinn.

Vonandi lendir þú líka  
í ævintýrum á Vesturlandi!



# Sérferðir og viðburðir sumarið 2012

*Á vegum Þjóðgarðsins er boðið upp á ýmsa viðburði, göngur og náttúru-skoðunarferðir undir leiðsögn landvarða og annarra fróðra manna. Viðburðir eru gestum að kostnaðarlausu utan miðnæturgöngu á Snæfellsjökul um sumarsólstöður.*

**LAU 16. JÚNÍ – KL. 14.00**

## **ER REBBI HEIMA?**

Farið verður að refgreni með leiðsögn Sæmundar Kristjánssonar. Staðsetning auglýst þegar nær dregur á fésbókar-síðu Þjóðgarðsins: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og á heimasíðu Þjóðgarðsins: [ust.is/snaefellsjokull](http://ust.is/snaefellsjokull)

**SUN 17. JÚNÍ – KL. 14.00**

## **DAGUR VILLTRA BLÓMA – NYTJAR OG ÞJÓÐSÖGUR TENGDAR JURTUM**

Sunnudaginn 17. júní er norrænn dagur villtra blóma. Af því tilefni er blóma-skoðunarferð í plöntufriðlandinu Búðahrauni. Sagt verður frá hvernig hægt er að nýta jurtir og þjóðtrú þeim tengdum. Upphaf ferðar er við Búðakirkju. Lengd ferðar er um 2 klst.

**FÖS 22. JÚNÍ - KL. 21.00**

## **SÓLSTÖÐUGANGA Á HREGGNASA**

Á sumarsólstöðum verður ganga á Hreggnasa. Gengið verður frá göngu-brúnni yfir Móðulæk í mynni Eysteinsdal. Hreggnasi sem er 469 m. á hæð er auðfarinn þó nokkuð sé á fótinn á leið upp. Í ferðinni verður vígð gestabók sem búið er að koma fyrir á toppi fjallsins. Í þessari ferð upplifum við sólarlagið og jafnvel sólaruppkomuna. Lengd ferðar: 2-3 klst.

**LAU 23. JÚNÍ – KL. 21.00**

## **SÓLSTÖÐUGANGA Á SNÆFELLSJÖKUL**

Miðnæturganga á Snæfellsjökul um sumarsólstöður verður laugardagskvöldið 23. júní í samvinnu við ferðaþjónustuna Út og vestur. Uppgöngu-leið verður valin eftir aðstæðum á jöklinum á þeim tíma, Eysteinsdal eða Jökulhálsi.

**MÆTING** kl. 19 í gestastofu Þjóðgarðsins, Hellnum og gangan hefst kl. 21. Nánari upplýsingar og skráning á Gestastofu Þjóðgarðsins í síma: 436 – 6888 og hjá Út og vestur í síma: 695 – 9995 / 694 – 9513. Lengd ferðar 6 klst.

**VERÐ** 17.500 kr. (án rútu 12.500 kr.)

**INNIFALIÐ** Fararstjórn, framlag til Þjóðgarðsins, Framfarir, Lífsgætt, Öryggisbúnaður, Fræðsla og rúta til/frá Reykjavík. Hafið með ykkur nesti og hlý föt. Nauðsynlegt er að vera í góðum gönguskóm og gott er að vera með legghlífar og göngustafi.

**LAU 7. JÚLÍ – KL. 14.00**

## **SKARÐSVÍK – ÖNDVERÐARNES – GENGIÐ MEÐFRAM STRÖNDINNI**

Gangan hefst í Skarðsvík, farin verður gamla þjóðleiðin með ströndinni, við skoðum búsetu og verminjar á Öndverðarnesi og fleira sem fyrir augu ber. Leiðsögumaður er Sæmundur Kristjánsson. Lengd ferðar 2-3 klst.



**SUN 8. JÚLÍ – KL. 14.00**

### **ER REBBI HEIMA?**

Farið verður að refgræni með leiðsögn Sæmundar Kristjánssonar. Staðsetning auglýst þegar nær dregur á fésbókar-síðu Þjóðgarðsins: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og á heimasíðu Þjóðgarðsins: [ust.is/snaefellsjokull](http://ust.is/snaefellsjokull)

**LAU 21. JÚLÍ - KL. 12.00**

### **SELIR OG SJÓMENN**

Gangan hefst við Búðakirkju. Gamlar minjar útgerðar við Frambúðir verða skoðaðar og gengið vestur í Selavík þar sem oft má sjá seli. Ganga í misgreiðfæru landi og nauðsynlegt að vera vel skóaður. Leiðsögumaður er Sæmundur Kristjánsson – Lengd ferðar 2-3 klst.

**ÞRI 31. JÚLÍ – KL. 19.00**

### **ARNASTAPI – HELLNAR – ALPJÓÐA-DAGUR LANDVARÐA**

Í tilefni af alþjóðadegi landvarða verður gengið frá Arnarstapa að Hellnum í fylgd landvarða. Á leiðinni verða rifjaðar upp sögur af draugum og öðrum verum annarra heima. Í lok ferðar verður stiklað á stóru í sögu landvarðafélagsins og skálað í ölkelduvatni fyrir landvörðum á Gestastofu Þjóðgarðsins.

**LAU 4. ÁGÚST KL. 12.00**

### **SÖGUFERÐ Í FÓTSPOR BÁRÐAR SNÆFELLSÁS – 1. ÁFANGI**

Upphaf ferðar er við Hólavog. Gengið verður meðfram ströndinni frá Hólavogi um Dritvík á Djúpálónssand. Bárður Snæfellsás kom á skipi sínu í Dritvík. Hann og félagar hans höfðu bæna-stund í Tröllakirkju og við freistum þess að fara þangað fram. Lengd ferðar 3 klst.

**SUN 12. ÁGÚST KL. 13.00**

### **SÖGUFERÐ Í FÓTSPOR BÁRÐAR SNÆFELLSÁS – 2. ÁFANGI**

Upphaf ferðar er við Purkhóla. Gengin forna þjóðleiðin frá Purkhólum með Háahrauni að Dagverðará. Þessa leið fór Bárður Snæfellsás á ferð sinni í Sönghelli. Þarna sjáum við bæli eftir Bárð, Bárðarrúmið, og svo hlandpoll eftir kallinn, Bárðarkollu.

# Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og nágrenni



## Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Klettsbúð 7, 360 Hellissandur, s. 436 6860  
 Gestastofa Hellnum, s. 436 6888 – opið alla daga 10-17  
 snæfellsjokull@ust.is, umhverfisstofnun.is  
 Teikningar í bæklingi: Ómar Smári Kristinsson



UMHVERFISSTOFNUN